

*Menningarmiðstöð Hornafjarðar*

**Skjólshólar, Sveitarfélaginu Hornafirði  
Deiliskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda**

*Fornleifaskráning 2017*

---

Sigríður G Björgvinsdóttir  
Vala Garðarsdóttir

Desember 2017

## Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	1
FORNLEIFASKRÁNING, LÖGGJÖF OG STAÐLAR.....	2
DILKSNES Í NESJUM .....	3
FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ OG SKRÁÐAR MINJAR.....	4
NIÐURSTAÐA.....	6
HEIMILDIR.....	7



**Mynd 1.** Rauður hringur vísar til staðsetningar deiliskipulags við Skjólshóla í aðalskipulagsupprætti 2012-2030 fyrir Sveitarfélagið Hornafjörður. Heimild: <http://www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal>

## Inngangur

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Skjólshóla, landspildu í Sveitarfélaginu Hornafirði er áður tilheyrði jörðinni Dilksnesi <sup>1</sup> (landnr: 159472), var framkvæmdasvæðið tekið út með tilliti til fornminja, líkt og lög gera ráð fyrir. <sup>2</sup> Hér er því ekki um fullnaðarskráningu að ræða.

Samkvæmt deiliskipulagstillögu er fyrirhugað að reisa sjö smáhýsi ásamt annarri aðstöðu á tæpum einum hektara lands.<sup>3</sup> Í aðalskipulagi sveitarfélagsins fyrir 2012-2030 liggur umrætt deiliskipulagssvæði innan landbúnaðarsvæðis, nærri norður strönd Flóa er gengur vestan megin inn úr Skarðsfirði (merkt með rauðum hring á mynd 1). Það afmarkast af Hafnarvegi í vestri, girðingu og skurði til norðurs og austurs, síðan í beinni línu til suðurs yfir ræktað land.

Farið var á vettvang 6. desember 2017, úttektarsvæðið gengið kerfisbundið og leitað eftir þekktum sem og óþekktum minjum. Sjáanlegar minjar voru staðsettar nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps-gagnatæki) og ljósmyndaðar. Sigríður G. Björgvinsdóttir náttúrulandfræðingur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Vala Garðarsdóttir fornleiffræðingur sáu um skráningu, úrvinnslu og skýrslugerð.

<sup>1</sup> Stefán Einarsson, 1973, Ö-Dilksnes -3

<sup>2</sup> Lög um menningarminjar nr. 80/2012

<sup>3</sup> Sveitarfélagið Hornafjörður, 2017, skipulagsmál

## Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar

Í 3. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

Skráning á minjum í þessari skýrslu er stöðluð samkvæmt skráningarkerfi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og stöðlum frá Minjastofnun Íslands (MÍ).

Skráningarformið er á þessa vegu:

Auðkennisnúmer – staðsetning – sérheiti – tegund – hlutverk – aldur – friðlýsing – ástand – hættumat – stærð – lýsing.

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer (úthlutað af Minjastofnun Íslands) – númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.

Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar. Skráð er ef fornleif hefur notið friðlýsingar og þá hvenær. Ástand minja metið út frá flokkun MÍ um sýnileika. Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af náttúrulegum eða manna völdum. Stærð er skráð í mestri lengd og breidd í metrum. Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.

## **Dilksnes í Nesjum**

Í Byggðasögu Austur Skaftafellssýslu segir um Dilksnes: „Jörðin liggur innst á nesinu milli Skarðsfjarðar að austan og Hornafjarðar að vestan. Ganga nes úr landinu beggja megin og víkur skerast inn í það. Land jarðarinnar er dálítið mishæðótt, hólar með mýrarsundum á milli.“<sup>4</sup>

Í jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1708-1709 segir um Dilksnes: „*Dilknes*. Dómkirkju jörð. vj hdr. Landsk. X aurar. Kúgildi 3. Kvaðir eru skipsáróður við ósinn, hestlán og dagsláttur. Eingja ítak hefur jörðunni lagt verið frá Bjarnanesi. Skógar ítak á jörðin í Dals jörðu, sem heitir Dilkness-skógur; er ánægjulegur til kolagerðar og eldingar.“<sup>5</sup>

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er Dilksnes skráð í bændaeygn, dýrleiki 6 hndr og landskuld 60 álnir, kúgildi 2 og einn eigandi að jörðinni.<sup>6</sup>

---

<sup>4</sup> Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 143

<sup>5</sup> Jarðabók Ísleifs Einarssonar, bls. 20

<sup>6</sup> J. Johnsens, 1847, bls. 2



*Mynd 2. Skjólshólar, horft af Hafnarvegi (nr 99) til suðurs yfir fyrirhugað framkvæmdasvæði. Hólarnir eru vel grónir og hefur sléttlendið í kringum þá verið nýtt til ræktunar. Ljós. SGB, des. 2017.*


## **Framkvæmdasvæðið og skráðar minjar**

Skjólshólar nefnast fjórir grónir kletthólar austan við Hafnarveg, mitt á milli Mígandaness og Dilksness.<sup>7</sup> Áður var þarna beitarnes og engi í landi jarðarinnar Dilksness en landið tilheyrir ekki býlinu í dag.

Eins og kemur fram í inngangi hér ofar er framkvæmdasvæðið um 1 hektari að stærð eða rúmlega 9000 m<sup>2</sup> og er staðsett norðan við nyrsta Skjólshólinn (sjá mynd 2). Innan þess eru áætlaðir 2 byggingareitir ásamt bílastæði og leiksvæði. Svæðið er að mestum hluta ræktað land og mannvirkjalaust, en þýft við norður- og austurmörk þess. Engar þekktar fornminjar eru innan deiliskipulagsreits en u.þ.b. 50 m sunnan við syðri lóðarmörk stendur fjárhústóft frá Dilksnesi (sjá myndir 3 og 4). Samkvæmt landeiganda Kristjáni Jónssyni, alinn upp í Dilksnesi og fyrrum bóndi þar, var fjárhúsið reist á árunum 1930 -1940 og telst því ekki til fornleifa samkvæmt skilgreiningu laga um menningarminjar.<sup>8</sup>

<sup>7</sup> Stefán Einarsson, 1973, Ö-Dilksnes-3

<sup>8</sup> Lög um menningarminjar nr. 80/2012



**Mynd 3.** Myndkort af úttektarsvæðinu ásamt mörkum deiliskipulagstillögu við nyrsta Skjólshólinn. Fjánhústóft 1910:001 er u.þ.b. 50 m sunnan lóðamarka. Uppmælingum varpað á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Kortagerð SGB, 2017.

**Auðkennisnúmer: 1910:001**

Staðsetning: A 684678.765 – N 425747.948

Sérheiti: Skjólshólar

Tegund: tóft

Hlutverk: fjárhús

Aldur frá: 1930

Aldur til: 1940

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinanlegar minjar

Hætta: hætta vegna framkvæmda og ágangs

Vegghæð frá: 0,6 m

Vegghæð til: 1,0 m

Veggjubreidd: 0,8 m

Lýsing: gróin tóft, veggjahleðslur

standa nokkuð heillegar en einstaka hleðslusteinar hafa fallið, aðallega úr norðurveggnum.



**Mynd 4.** Fjánhústóft 1910:001 er um 50 m sunnan við syðri lóðarmörkin. Ljós. SGB, des. 2017.

## Niðurstaða

Engar fornminjar eru innan skipulagssvæðis skv. lögum um menningarminjar frá 2012.<sup>9</sup> Þær tóftir sem uppmældar voru utan svæðis eru ekki skilgreindar sem friðlýstar minjar.

---

<sup>9</sup> Lög um menningarminjar nr. 80/2012



## Heimildir

Bjarni Bjarnason (1976). Byggðasaga Nesjahverfis. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, III. Bindi* (bls. 111-282). Reykjavík: Bókaútgáfa GuðjónsÓ.

Johansen J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarðar á landinu*. Kaupmannahöfn, J.Johansen.

Jón Þorkelsson (1918-1920). *Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaftafellssýslu, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar*. Blanda 1. bindi 1918-1920, 1-3. Hefti, bls. 1-38.

Kristján Jónsson, f. 1944. Munnleg heimild, dagss. 05.12.2017.

Loftmyndir ehf (2017). Loftmynd nr. 864\_426. Litmynd.

*Lög um menningarminjar*, nr. 80 2012.

Stefán Einarsson (1973). *Örnefnaskrá - Dilksnes*. Heimildamaður: Jón Björnsson, f. 1900. Örnefnastofnun Árna Magnússonar.

*Sveitarfélagið Hornafjörður* (2017). Stjórnsýsla, Skipulagsmál. Sótt 12.12.2017 á <http://www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal/Deiliskipulagstillaga-Skjolsholar.pdf>